

Fundarboðandi: Sigurborg Daðadóttir

Fundarstaður: Matvælastofnun, Dalshraun 1B, Hafnarfirði

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir

Dagsetning: 22. janúar 2020

Fundarritari: Sigurjón Njarðarson

Fundartími: 09:00 – 11:00

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fagráðs), Ólafur R. Dýrmundsson (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands), Sigríður Björnsdóttir (sérgreinadýralæknir hrossa) og Sigurjón Njarðarson (Starfsmaður Fagráðs um velferð dýra). Baldur Helgi Benjamínsson (f.h. Bændasamtaka Íslands), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) og Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar H.Í.) sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Velferð útigangshrossa – umfjöllun vegna atburða í hamfaraveðri 9.-12. desember 2019

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarinn og samþykkt

2. Velferð útigangshrossa – umfjöllun vegna atburða í hamfaraveðri 9.-12. desember 2019

Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands lagði fram erindið: „*Aðgerðir til að tryggja betri velferð hrossa sem haldin eru á útigangi að vetrarlagi.*“ Auk þessa hafði félagið *Jarðarvinir* ritað Fagráði erindi um að mál þetta yrði tekið á dagskrá. Þar sem erindin voru efnislega samhljóða voru þau sameinuð í einn dagskrárlíð.

Sérgreinadýralæknir hrossa lagði fram gögn sem tengdust atburðum desembermánaðar 2019 og hélt kynningu á helstu niðurstöðum. Að erindi loknu voru umræður.

Fagráð um velferð dýra bókaði eftirfarandi:

Fagráð um velferð harmar mikinn hrossadauða sem varð í hamfaraveðrinu 9.-12. desember 2019. Ljóst er að þær aðstæður sem sköpuðust voru einstæðar og sambærilegar tölur um hrossadauða eru fáheyðar. Mikilvægt er að velferð útigangshrossa skoðist í víðara samhengi en ekki út frá einstæðum atburðum.

Fagráð um velferð dýra hvetur Matvælastofnun til að auka fræðslu um lífeðlisfræði og atferli hrossa, bæði til almennings og umráðamanna. Einnig hvetur Fagráð fræðasamfélagið til að halda áfram rannsóknum á því sviði. Aukin þekking og miðlun hennar er grundvöllur framfara í velferð hrossa, sem og annarra dýra. Einnig verða allir sem ábyrgð bera á útigangshrossum að gæta þess að samsetning stóða, skjól, beit, fóðrun og eigið eftirlit sé með fullnægjandi hætti.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:00. Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 26. febrúar 2020.